

Pörf fyrir nýtt hátækisjúkrahús

Þorkell Sigurlaugsson fjallar um byggingu nýs sjúkrahúss: "Hagkvæmast væri að byggja upp nýtt hátækisjúkrahús enda er núverandi húsnæði bæði úrelt og kostnaðarsamt í rekstri og viðhaldi."

ÞAÐ ER brýnt verkefni að auka hagræðingu í rekstri heilbrigðiskerfisins og mæta þeim auknu kröfum sem bíða okkar með nýrri tækni og hækkandi aldri þjóðarinnar. Hagkvæmt húsnæði, sem mætir nútímapörfum viðskiptavina og starfsfólks, þarf að koma í stað eldra húsnæðis. Árið 1998 skrifaði ég grein í Viðskiptablaðið um stjórnun heilbrigðismála og vakti meðal annars athygli á nokkrum atriðum sem enn eru að mörgu leyti í fullu gildi.

Stefnumótun og langtímaáætlanir vantar um þróun og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Ekki fer fram nægileg umræða um það hvað þjóðin vill verja sameiginlega miklu fé til þessa málaflokks og hver forgangsröðunin á að vera.

Ganga þarf hraðar fram í því að breyta heilbrigðiskerfinu, bæta stjórnun og þjónustu og nýta nútímalega tækni m.a. upplýsingatækni.

Uppbygging heilbrigðiskerfisins þarf að taka mið af eða spila með stefnumótun í byggðamálum.

Hagkvæmast væri að byggja upp nýtt hátækisjúkrahús enda er núverandi húsnæði bæði úrelt og kostnaðarsamt í rekstri og viðhaldi.

Síðan þetta var skrifað hefur starfshópur um framtíðaruppbyggingu háskólasjúkrahúss lagt til við Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra að öll starfsemi Landspítalans verði á einum stað í framtíðinni við Hringbrautina, og aðaluppbyggingin fari fram sunnan brautarinnar.

Heildarkostnaður við uppbyggingu við Hringbraut var áætlaður árið 2002 um 30 milljarðar króna og framkvæmdatími talinn 14-17 ár. Líklega mun þessi upphæð verða nær 40 milljörðum þegar upp er staðið. Reynsla okkar af löngum byggingartíma er afleit hvort sem það er Þjóðarbókhlaðan, Þjóðminjasafnið eða náttúrufræðihúsið Askja svo dæmi séu tekin. Þess vegna ber að fagna hugmynd Davíðs Oddssonar að verja miklu af fjármunum sem fást við sölu Landsímans í að ljúka hratt uppbyggingu nýs hátækisjúkrahúss.

Heilbrigðistækni og þekking sem útflutningsgrein

Stundum hefur verið rætt um að við getum selt útflutningum heilbrigðisþjónustu á íslenskum heilbrigðisstofnunum. En við getum ekki síður selt þeim ýmsa þekkingu og tækni sem byggist á útflutningi á heilbrigðistengdum þáttum. Sem dæmi má nefna árangur fyrirtækja eins og Actavis, Össurar, TölvuMynda, Íslenskrar erfðagreiningar, Medicare Flögu og Taugagreiningar. Heilbrigðistækni nær yfir svið sem tengist tækjabúnaði, hugbúnaði og margvíslegri tækniþekkingu sem notuð er í rekstri heilbrigðisstofnana og starfsemi tengdri líftækni, lyfjafræði, heilsuvernd og læknávisindum.

Það eru góðir möguleikar á því að gera útflutning á þekkingu á sviði lýðheilsu, heilbrigðismála og heilbrigðistækni að mikilvægri atvinnugrein. Fullkomið hátækisjúkrahús, fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar eiga í samstarfi að geta náð góðum árangri á þessu sviði. Sem dæmi má nefna að sameinaður háskóli Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands ætla

að taka upp nám í heilbrigðisverkfræði. Heilbrigðisverkfræði (Medical engineering) er spennandi svið þar sem fengist er við verkefni sem tengist lækningum, t.d. þróun gerviliða, gervilíffæra, upplýsingakerfa mannslíkamans, upplýsingakerfa fyrir heilbrigðiskerfið, rekstur heilbrigðisstofnana o.fl. Þeir sem stunda þetta nám öðlast bæði þekkingu á verkfræði, líffræði og öðrum þáttum sem snúa að þessum málaflokki.

Stærsta orkuver landsins

Í Vatnsmýrinni í Reykjavík er hægt að þróa orkuver hugvits, þar sem virkjuð er þekking háskólasamfélagsins, fyrirtækja eins og Íslenskrar erfðagreiningar og annarra hátæknifyrirtækja og Landspítala - háskólasjúkrahúss auk þess sem íbúðarbyggð og önnur þjónustustarfsemi yrði á svæðinu. Að þessu var m.a. vikið í sjónvarpssætti á RÚV um skipulagsmál Reykjavíkur 11. janúar. Það verður aftur á móti erfitt að virkja þessa krafta ef flugvöllur er á svæðinu. Í stað flugvallar ætti að byggja upp í Vatnsmýrinni nútímalega atvinnustarfsemi og íbúabyggð sem skapar störf þúsunda manna í nálægð við hina einu sönnu miðborg okkar Íslendinga.

Húsnæði skiptir máli

Húsnæði og staðarval skiptir miklu við að skapa umgjörð, innri samskipti og vinnuferla, hagkvæmni og þjónustu sem nauðsynleg er hverju fyrirtæki og stofnun. Það þekki ég af eigin raun vegna þeirra umskipta sem urðu í rekstri Marel eftir að fyrirtækið tók í notkun nýtt framleiðslu- og skrifstofuhúsnæði í Garðabæ árið 2002. Það gildir hið sama um háskóla og háskólasjúkrahús að húsnæðið skiptir miklu máli. Við þurfum nýtt hátækni sjúkrahús og að nýta jafnframt nútímalega heilbrigðistækni til að ná meiri árangri fyrir Íslendinga og til útflutnings. Gott heilbrigðiskerfi er einn af hornsteinum okkar velferðarþjóðfélags. Með yfirlýsingu Davíðs Oddssonar um hátækni spítala var sleginn nýr tónn, sem vonandi mun skapa þjóðareiningu um þetta verðuga og tímabæra verkefni.

Þorkell Sigurlaugsson fjallar um byggingu nýs sjúkrahúss

Höfundur er framkvæmdastjóri þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík og stjórnarformaður Marel hf. og TölvuMynda hf.